Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa– og málasafn 1957, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Alþingismaður – Ritstjóri – Bréf – Ásgeir Pétursson – Ásta Sigurbrandsdóttir – Birgir (?), skeyti – Bjarni Bjarnason – Einar Olgeirsson – Gunnar Thoroddsen – Halldór Blöndal, símskeyti – Ólafur Snóksdalín – Pétur Ólafsson – Vilhjálmur Finsen – U.S. News & Report

## *Tekið af vef Borgarskjalasafnsins*

bjarnibenediktsson.is

***Einkaskjalasafn nr. 360***

***Stjórnmálamaðurinn***

Askja 2-23, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Ó L A F U R   S N Ó K S D A L Í N,
Reykjavik, P.O. Box 1119,
Ránargata 7 A.
Sími: 17465

28. júli 1957

Hr. ritstjóri
BJARNI BENEDIKTSSON,
Háuhlið 14.

Kæri BJARNI ! Þannig leyfi eg mér að ávarpa yður, þar sem þér hafið bæði verið yfirmaður minn, sem starfsmanns Reykjavikurbæjar, svo og allrar löggæzlu á landi hér. Ennfremur hefi eg verið og er aðdáandi yðar á pólitiska sviðinu, þvi eg hefi aðhyllst frjálsræði i hugsun, framtaki og samkepni og mun gera á meðan eg lifi.
Tilefni þessa bréfs mins er lánsumsókn úr Sparisjóði Reykjavikur dags. 30. nóv. 1955 að upphæð kr. 25.ooo.-, gegn 1. veðr. i ibúð minni. Eg hefi oft talað við hr. Hörð Þórðarson frá þvi að eg sótti um lánið, en til þessa án árangurs. Vegna þess reyndi eg, á sl. vori, að ná tali af yður og fékk eg áheyrn þann 16. mai sl. i andyri skrifstofu yðar við Aðalstræti, þrátt fyrir að þér stæðuð þá i miklum önnum, samt ætluðuð þér að kynna yður málið (tala við Hörð). Eg á hér 3ja herb. ibúð i ágætu standi, en sem eg samt vil selja, vegna þess að eg óska eindregið að búa utanvert við sjálfan miðbæinn. Vegna þess hvað litið hvilir á þessari ibúð (3o.ooo.- 2. veðr.lán), þá á eg svo erfitt með að selja hana og kaupa mér aðra i staðinn. Eg bið yður þvi að hjálpa mér og útvega mér þetta lán (helst innan skamms tima), þvi þó það sé ekki stórt þá munar mig um það til viðbótar við það, sem eg kynni að fá útborgað. Mér þætti mjög vænt um að fá svar.
Formálsorð þessa bréfs mins, það er að segja þau sem fjalla um pólitiskar lifsskoðanir minar, setti eg fram vegna þess að eg myndi sjálfur engum vilja hjálpa, sem vildi nefndar lifsskoðanir feigar, nema þá til að öðlast trú á þær (eg á hér við kommunista).

Virðingarfyllst

Ól. Snóksdalín
lögregluþjónn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HÉRAÐSSKÓLINN
Á LAUGARVATNI

Laugarvatni, 26. maí 1957.

Kæri herra Bjarni Benediktsson. fyrrum ráðh.!

Ekki er það óeðlilegt að fram komi till. eða athugun á menntaskólasetri í Skálholti; en ég efa mjög að þér hugsið yður að standa fyrir flutningi menntask. hér að Skálholti: Þér eruð svo framsýnn maður, að þér hefðuð tæplega samþ. stofnun menntaskóla hér fyrirvaralaust ef þér hefðuð haft Skálholt í huga þá, svo mun það vera enn. Þér vitið vel að athugun [illegible] á þessu máli myndi verða svo óhagstæð að slíkt komi ekki til mála. Sennilega eru andstæðingar málsins svo skynsamir að samþ. þingsál. á sama hátt og þér að losa yður á auðveldan hátt undan óþægilegu erindi. Flutningur till. er alls ekki óeðlilegur, en hitt að nota róg og ósannindi um skólana hér í því sambandi er mér með öllu óskiljanleg afstaða. Alveg sérstaklega er þetta óviðurkvæmilegt af form. skólan. héraðsskólans. Því starfi hefir hann gegnt með þeim hætti sem ábyrgum manni ber og sómir. Hann ætti að vita að hér hefir enginn ágreiningur verið, allt afgreitt með sátt og samlyndi

Sambúð nemenda hér í fjórum skólum, auk barnaskóla, er að mínu viti hrein fyrirmynd.

Menntaskólamenn sýna hér engan hroka og ekki ber neitt á því að þeir láti einu né öðru á því bera að þeir séu í æðri skóla en hinir.

Allir skemmta sér saman eftir þeim reglum, sem við skólastjórarnir höfum komið okkur saman um og að öðru leyti er samgangur ótrúlega lítill. Alltaf höfum við einhverja óþæga nemendur. Við stöndum eins og einn maður að því að sama að þeim hver okkar sem á þá. Ekki er síður gott samstarf milli kennaranna. Einnig það er til mikillar fyrirmyndar. Kennararnir beita hjálpsemi í kunnáttu sinni í skólunum eftir því sem tími þeirra leyfir og skólastjórarnir óska, auk þess sem við leyfum þeim að skipta innbyrðis sín á milli ef þeir óska án þess að það komi til kasta okkar skólastjóranna að öðru en því að samþ. skiptin eða hafna þeim — en til þess mun ekki hafa komið enn þá. Ég vildi aðeins að þér sem mikils metinn maður vissuð þetta og í ótlaust til að fá ekki einungis hvað þessu heldur leiðrétt í umsögn greinargerð það sem stendur í greinargerð þál. yðar

Privat sagt hefir okkur Sveini skólam. ekki alltaf sýnst hið sama, en það er auka atriði og hefir engar verkanir á heildarstarfið

Virðingarfyllst. Kær kveðja.

Bjarni Bjarnason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landssíminn

# SÍMSKEYTI

Eyðublað nr. 1 d.

BJARNI BENEDIKTSSON
HAUHLID 14 REYKJAVIK

JAN 27 19 31 '50

Móttekið

Athugasemdir

63

LANDSSÍMI ÍSLANDS

Símanúmer ritsímans:
1 64 11 Varðstjórinn, fyrirspurnum um símskeyti svarað.

Símanúmer ritsímans:
1 10 20 Tekið á móti símskeytum.
1 89 02 Skeytaútsending.

Mótt. af

-- AKUREYRI 63/926 15 24 1920 -

- HVER UPPSKER SEM HANN SAIR UNDRIST ÞVI HVERGI

- HALLDOR BLÖNDAL -

8572500blk.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TELEGRAM

Isambassade
Isländska Ambassaden
Kommendörsgatan 35, 2 tr.
Om stängt alla tgm i brevl.

L340

REYKJAVIK 12 25 1520

BJARNI BENEDIKTSSON C/O ISAMBASSADE STKM

LYDRAEDISSINNAR SIGRUDU I IDJU OG TRESMIDAFELAGINU

BIRGIR

STOCKHOLM 1
25 FEB. 1957
SKEPPSBRON 2

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

PÉTUR ÓLAFSSON

Reykjavík, júní 57

Kæri vinur,

Mér þótti vænt um greinina þína í Mbl. þ. 16. og þakka þér fyrir.

Með beztu kveðju

þinn einl.

Pétur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

GUNNAR THORODDSEN

BORGARSTJÓRI

REYKJAVÍK, 16/5 37

Kæri vinur!

Bjarni M. Gíslason sendi mér grein úr finnska blaðinu. Helsingin Sanomat, sem hann biður um að verði birt í Morgunbl. sem fyrst. Ég hef látið þýða hana á íslenzku. Sömuleiðis sendi ég grein eftir Bjarna í Aftenposten, sem hann biður um að sagt sé frá í blaðinu. Sendi þér hvorttveggja til fyrirgreiðslu.

Kær kveðja

Gunnar Thoroddsen

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Privat

29/3 '57

Bjarni,

Ég gat ekki náð í þig í dag, en sendi þér bara nokkrar línur um erindið. Erindið var lánið, sem ég orðaði við þig á dögunum. Mamma sendi strax umsóknina, eins og um var talað. Ég sagði þér þá að ekki mundi verða þörf á láninu strax – og vænti því ekki úrlausnar fyrr en síðar. Auðvitað fylgja því erfiðleikar fyrir þig að koma lánamálum í gegn. En ef ske kynni að það yrði ekki óþægilegra fyrir þig að ath. það mál e-h- fyrr, vildi ég orða það við þig. Nú segir byggingarsamv. félag stjórnarr. að ég verði að vera á biðlista eitthvað framaftir sumri og fái því ekki lífeyrissj. lánið, ~~strax~~, sem ég hafði vænzt í vor. Væri þér afar þakkl. ef þú gætir ath. þetta – og fyrirgefðu að ég skuli sífellt vera að kvabba í þér.

þinn

Ág. P.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. maí 1957

Bjarni,

Ég ætla að fara til Strasbourg í fyrramálið og verð hálfan mánuð í ferðinni, svo ég get ekki verið á formanna-ráðstefnunni, sem á að fara fram 11. og 12. þ.m. S.U.S. ætlaði að halda fulltrúaráðsfund sinn í lok maí, en ekkert vit er í því að boða forystumenn okkar hingað til bæjarins tvisvar í sama mánuði, svo að við ákváðum að ræða þau mál, sem þar átti að ræða, á formannaráðstefnunni og fella fulltrúaráðsfundinn niður í bili.

Dagskrá formannaráðstefnunnar þyrfti því að ákveða með ~~það því~~ tilliti til þess að ungir S. geti rætt skipulagsmál sín. En það verður víst allt í lagi. Ég ræddi það við Magnús Jónsson í dag um það.

Ástæðan fyrir þessum línum er annars sú að skýra þér lauslega frá hugmynd, sem ég hef verið að spekúlera í nú um nokkurt skeið og hef gert ráðstafanir til þess að láta ræða í form.-fundinum. — Það væri æskilegt af ýmsum ástæðum að efla svolítið samband okkar S. við unga fólkið í sveitunum. Ein leið til þess væri sú að ungir S. boðuðu til <u>ráðstefnu</u>

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir unga bændur og bændaefni og aðra þá,
sem í sveitum starfa. Ráðstefnuna mætti
boða til þess að ræða framtíð íslenzks land-
búnaðar. Sennil. væri bezt að halda slíka
ráðstefnu hér í Reykjavík eftir réttir í haust.
Dagskrá þyrfti að vanda sem allra bezt.
Væri t.d. hægt að láta halda fræðileg erindi
2 eða 3, sem fjölluðu um nýjungar í mál-
efnum þeim, sem landbúnaðinn varða. Síðan
yrðu umræður um hin eiginlegu landbún-
aðarmál og auk þess um markaðsmál, sam-
göngumál og raforkumál. Auðvitað yrði að
tryggja þátttöku fyrirfram og væri eðlilegt
að þingmenn sveitanna og frambjóðendur væru
þarna líka. — Þú sérð hvað fyrir mér vakir. —
Ég hef þá trú að slík ráðstefna, ef fram-
kvæmd yrði af festu gæti orðið okkur til
mikils ávinnings. — Um að gera að við
séum fyrstir með þetta — og þá er aðeins spurn.
hvort ekki er nauðs. að ákveða þetta strax
og byrja síðan að undirbúa.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mér er hinsv. ljóst að það er mikil vinna og skipulagning þessu samfara og fylgdi því að fá starfsmenn flokksins til þess að hjálpa til við þetta.

Þetta virðist það veigamikið fyrirtæki – og að vissu leyti áhættusamt – að ég vildi <u>sérstaklega</u> gera þér grein fyrir þessu áður en málið verður borið fram.

Ég hef beðið Sverri Hermannsson að gera grein fyrir þessu máli á fundinum.

Beztu kveðjur

þinn einl.

Ásg. P.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sysmä 15.9. 1957.

Morgunblaðið í Reykjavík.

Ég þakka ykkur kærlega fyrir þá vinsemd
að hafa birt kveðju mína í blaði ykkar
1. september, og að hafa sent mér blaðið.
Mér þætti vænt um ef þér vilduð leiðrétta
miskili Wickmans, ég hef ekki verið við
hjúkrunarstarf í Finnlandi á stríðsárunum,
ég var sem hjúkrunarkona í Danmörku
og kyntist þar manninum mínum sem var
einn af hinum mörgu finsku hermönnum
sem komu til hjúkrunar í Danmörku.
Ef ykkur langar til að kinnast finsku
sveitar og smákaupstaðar ~~fui~~ lífi,
sendi ég með ánægju upplýsingar.

Með kæri kveðju.

Ásta Sigurbrandsdóttir Peltola.

Sysmä, Rantala

Suomi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**ALÞINGI**

NEÐRI DEILD

Reykjavík, 3. jan. 1957

Á fundi neðri deildar Alþingis 20. f.m. fór fram kosning tveggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhaföri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi. Hlutu þessir kosningu:

Aðalmenn:

Emil Jónsson,

Bjarni Benediktsson og

Einar Olgeirsson.

Varamenn:

Gylfi Þ. Gíslason,

Magnús Jónsson og

Karl Guðjónsson.

Þetta er yður, herra alþingismaður, hér með tilkynnt.

Einar Olgeirsson

Hr. alþm. Bjarni Benediktsson,

Reykjavík

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

U.S. News & World Report

WASHINGTON

*Circulation Department* 435 PARKER AVENUE • DAYTON 1, OHIO

November 19, 1957

Ed. in Chief Bjarni Benediktsson
Margunbladid
P. O. Box 200
Reykjavik, Iceland

Dear Subscriber:

Thank you for your order for a subscription to "U. S. News & World Report".

The subscription rates are: one year, $8; two years, $13.50; and three years, only $18, including $2 a year for foreign postage. We are entering the subscription for the term covered by your remittance. Your subscription stands paid through August, 1958.

We are happy to be of service to you.

Sincerely yours,

Phyllis Anderson
Subscribers' Service

PA:PE

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27/9, 1957

Góði vinur,

Ég var erlendis en sá, þegar ég kom heim, að þinn ágæti faðir hafði látist. Aldur hans var hár, en þó er að honum mikill mannskaði og sjónarsviftir, jafnvel fyrir okkur á Íslandi, hvað þá fyrir ykkur ástvini hans vestra. Við hjónin vottum ykkur innilega samúð.

Þinn einlægur,

Hr. Valdemar Björnsson
2914 46th Ave. So.
Minneapolis, U.S.A.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16/1, 1957.

Kæri vinur,

Ég þakka þér innilega fyrir síðast og fyrir bréf þitt á dögunum.

Ástæðan til þess að ég skrifa nú er sú, að Ragnar í Smára sýndi mér fyrir skemstu bréf, þar sem hann segir, að þú óskir nú að fá endursenda greinina um Sartre, er hann áður hafði látið mig fá með þeim ummælum, að þú óskaðir eftir að hún kæmi í Morgunblaðinu, ef Helgafell birti hana ekki.

Ég tel greinina mjög góða og orð í tíma talaða. Er og ekki eins viðkvæmur fyrir Kiljan og sumir aðrir. Áður en ég fékk boðin um, að þú vildir fá greinina aftur var ég því búinn að láta hreinrita hana og síðan setja. Ég sendi þér nú hvorttveggja, handrit þitt og próförkina óyfirlesna. Ósk mín er sú, að þú leyfir birtingu greinarinnar og lesir þá próförkina og hraðsendir mér. Þú lætur mig a.m.k. vita eins fljótt og þú getur.

Mér þótti vænt um viðurkenningarorð þín í vetur um betrun Morgunblaðsins. Ég legg mig fram um að koma ýmsu í lag. Við rammann reip er að draga en samt vona ég, að í rétta átt miði.

Læt þetta duga í bili.

Með bestu kveðjum,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur